



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

12. árgangur 7.tbl.

Ágúst 2015

Töðugjöld í Árnesi
laugardaginn 15. ágúst
frá kl. 20.00-23.00



Grill og tónleikar á aðeins kr. 4.900.

Borðapantanir í síma 664-6555

Aðrir gestir velkomnir eftir kl 21.00.

Aðgangseyrir kr. 2.000



Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - Starfsmenn þar:

Ari Einarsson 893-4426 Jóhannes Eggertsson 864-6904
ari@skeidgnup.is - joi@skeidgnup.is

Jón F. Sigurdsson - umsjónarmaður gámasvæða s. 893-7016

Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf er 5. september 2015.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps Bókahúsinu, Brautarholti.



Opnum 20. ágúst eftir sumarfrí og opið alla fimmtudaga
kl. 20:00 - 22:00 **Alltaf hægt að skila um lúguna!**

S: 486-5505 - www.bokasafn.is

Netfang: bokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>



Munið! Nýtt símanúmer á

Heilsugæslunni í Laugarási 432-2770

Opið virka daga kl. 8:30 -16:30.

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000

Apótekið í Laugarási opið mánud. -föstud. 09:00 - 17:00

S. 486-8655

Hundafangari sveitarfélagsins:

Ragnar Sigurjónsson sími: 859-9559.



Fjallskil á Gnúpverjaafrétti!

Þeir sem ætla að sækja um leit á

Gnúpverjaafrétti í haust hafi

samband við Lilju í síma 847-8162

fyrir 21. ágúst n.k.

Afréttarmálanefnd.

Frá Afréttamálaafélagi Flóa og Skeiða

Réttað verður í Reykjaréttum á Skeiðum laugardaginn 12. september n.k.

Stjórn Afréttamálaafélagsins hvetur þá sem ætla sér að fara til fjalls, hvort sem er í fyrsta safn eða eftirsafn að hafa samband við fjallkóna sem fyrst og panta leit.

Þeir eru:

Vesturleit, Ágúst Ingi Ketilsson s. 899-5494

Austurleit, Ingvar Hjálmarsson s. 891-9597

Vesturleit eftirsafn, Halldór Vilhjálmsson s. 897-5987

Austurleit eftirsafn, Hafliði Sveinsson s. 869-2228

Laugardaginn 15. ágúst n.k. stefnir félagið á að safna saman mannskap til að vinna að viðhaldi á réttunum. Á dagskrá er að endurnýja allt timburverk í réttunum á næstu árum. Þeir sem hafa tök á að koma að þessari vinnu eina dagsstund eru beðnir að láta vita af sér til stjórnarmanna sem fyrst.

Í stjórn félagsins eru:

Ari Björn Thorarensen Selfossi,

Reynir Þór Jónsson Hurðarbaki og

Aðalsteinn Guðmundsson Húsatóftum.

Að lokum er öllum þeim sem tóku þátt í girðingavinnunni á afréttinum í júní þakkað kærlega fyrir þeirra framlag og skemmtilega daga á fjöllum.

Stjórnin

Opnunartími gámasvæða!

Árnes: þriðjudaga kl. 14:00 - 16:00

Föstudaga kl. 10:30 - 12:00 **til 1. september**

laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Brautarholt: miðvikud. kl. 14:00 - 16:00

Föstudaga kl. 13:00 - 14:30 **til 1. sept.**

laugardaga kl. 13:00 - 15:00

Dýragámurinn er nú á nýja gámasvæðinu í Árnesi v/Suðurbraut. Dýragámur í Brautarholti opið allan sólarhringinn á báðum stöðum! Fatagámar **Rauða krossins** eru tveir og eru staðsettir á gámasvæðinu í Brautarholti og hjá Áhaldahúsinu við Árnes.

Jón F. Sigurdsson í Réttarholti hefur umsjón með gámasvæðunum gsm. **893-7016** eða **462-5301**.

Viljum þakka fyrir undirtektirnar með flokkun á úrgangi heima fyrir áður en lagt er af stað á gámasvæðin, en alltaf má betur gera og bið ég því fólk að halda áfram þessari jákvæðu þróun sem hefur átt sér stað vegna móttökunnar.

***Skaftholt tekur áfram við garðaúrgangi
og afklippum trjáa!***

*Og eins og áður er að hægt að losa þar **að degi til**, garðaúrgang og afklippum trjáa á ákveðnu svæði þar alla daga vikunnar.*

(Til vinstri á heimreið framan vert við gróðurhús.)

Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.

Sveitarstjóri.

Bændur og aðrir athugið!

Íslenska gámafélagið tjáði mér að það tekur við

notuðum áburðarpokum sem skila skal með grænu tunnunni, heima á hlaði!

Nýtum okkur það.



Ekki þarf að fara með pokana á gámasvæðin.

Rúlluplastið þarf hinsvegar að fara sér, þ.e. hreinsa netið úr því og netið á svo að fara í almennt sorp.

Það væri snjallt ef fólk myndi tala saman með að koma plastinu í veg fyrir gámabílinn. Hann kemur næst 24. sept. í Gnúpverjahrepp og 6. okt. á Skeiðin. Verum klár fyrir fyrir veturinn. Og stöndum saman að verkefninu.

Mbkv. Ritstj.

Fjárréttir í skeiða- og Gnúpverjahreppi 2015

Skaftholtsréttir, föstudaginn 11. september.

Fé rekið inn kl. 11:00.

Reykjaréttir, laugardaginn 12. september.

Fé rekið inn kl. 09:00.

Ökumenn eru beðnir að sýna þolinmæði því óhjákvæmilegar tafir vegna fjárrekstra geta orðið á vegi 32 - Þjórsárdalsvegi, dagana 10. og 11. september. (sumar hjáleiðir þó færar.)

Einnig verða tafir á vegi nr. 30 - Skeiðavegi þann

11. og 12. september. (sumar hjáleiðir einnig færar.)

Fylgist með á www.skeidgnup.is vegna nánari tímasetninga fjárrekstra.)

Sveitarstjóri.

Ný heimasíða sveitarfélagsins.

Nú hefur litið dagsins ljós ný heimasíða sveitarfélagsins á www.skeidgnup.is

Markmiðið með henni er að gefa notendum greinargóðar upplýsingar um starfsemi sveitarfélagsins og ýmsan fróðleik.

Gagnlegt væri og gott að fá ykkar sýn, kæru notendur, á hvað betur mætti fara til þess að gera þessa heimasíðu að glæsilegri, notendavænni, og um fram allt fróðlegri og góðri heimasíðu fyrir þá sem þurfa að sækja sér upplýsingar um sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Á hverri síðu vefsins hefur notandi tækifæri á að tjá sig um vefinn og eru allar ábendingar um það sem betur mætti fara mjög vel þegar þar sem með haustinu verður gerð könnun á nytsemi, aðgengi og öðrum þáttum er prýða þarf góðan vef, og er það góð ástæða til þess að hafa sem markmið að skora hátt í þeirri könnun og mun það koma notendum til góða.

Auk tenginganna af síðunum er hægt að hafa samband í 486-6100 og senda á netfangið kidda@skeidgnup.is með ábendingar um vefinn. Það er von okkar að þessi nýja heimasíða eigi eftir að gangast okkur öllum vel því möguleikar vefsins eru miklir.

Með bestu kveðju.
Vefstjóri. (khg)

P.S. t.d er nú hægt að sækja um

Tómstundastyrkinn ofl. á rafrænu eyðublaði.

Við upphaf sextugsaldurs.

Kæru sveitungar og vinir.

Að kvöldi fimmtugsafmælis míns þann 6 ágúst sl. áttum við litla fjölskyldan samverustund með stórum hópi fólks hér í félagsheimilinu Árnesi. Þar á meðal voruð þið mörg íbúar hér í sveitarfélaginu sem tókuð þátt í að gleðjast með okkur. Færi ég ykkur hugheilar þakkir fyrir stundina, góðra orð í minn garð og gjafirnar. Þeim sem ekki höfðu tök á að vera með okkur en hugsuðu til okkar er einnig færðar þakkir. Það er góð tilfinning að ná þessum áfanga.

Lifið öll heil.

Kristófer Tómasson



**Skólasetning Þjórsárskóla verður
föstudaginn 21. ágúst k. 14:00.
Enginn skólaakstur þann dag.**



Þjórsárskóli
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Skólastjóri.

Ágætu sveitungar!

Laugardaginn **20. júní** opnar lífræni grænmetismarkaðurinn í Skafttholti. **Opið verður alla laugardaga frá kl. 14 til 17.**
Heimilisfólkið Skafttholti.



Ágætu íbúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Sveitarstjórn ákvað á fundi sínum þann 5. ágúst s.l. að kanna hug íbúa varðandi val á nýju nafni á sveitarfélaginu. Biður hún íbúa að hugsa vandlega hvort hugur þeirra standi til breytinga í því efni.

Það skal tekið fram að það er ekki skilyrði af hálfu sveitarstjórnar að sveitarfélagið fái nýtt nafn. Einungis er þetta hugsað til þess verða við óskum íbúa ef hugur þeirra reynist standa til breytinga á nafni þess.

Í næsta Fréttabréfi sem gefið verður út í september verður auglýst eftir tillögum um nafn. Einnig verður auglýst í Héraðsfréttablaðunum um sama leyti. Í þeirri auglýsingu mun koma fram hvernig nöfnin sem kjósa á um verða valin. Frestur til að skila inn tillögum að nafni verður til 20. Október næstkomandi.

Á nóvemberfundi sveitarstjórnar er lagt upp með að sveitarstjórn yfirfari framkomnar tillögur að nöfnum. Þau sex nöfn sem flestar tillögur hljóta skal kosið um í fyrri umferð kosninganna að fengnu samþykki Örnefnanefndar. Komi færri tillögur en tíu skal kjósa um þær allar.

Kjörstjórn sveitarfélagsins tekur við lista yfir þau nöfn sem kjósa skal um. Ef það nafn sem flest atkvæði hlýtur, fær innan við 50 % atkvæða skal kjósa aftur um þau tvö nöfn sem flest atkvæði hljóta.

Miða skal við að fyrri kosning fari fram eigi síðar en 1. desember. Ef kjósa skal tvisvar skal miða við að seinni kosningin fari fram eigi síðar en 15. desember 2015.

Á kjörskrá eru þeir er rétt hafa að kjósa í sveitarstjórnarkosningum.

Kær kveðja.
Sveitarstjóri.

Þakkir til unglíngavinnukrakkanna!

Okkur í umhverfisnefnd langar að þakka unglíngavinnuhópnum og verkstjóranum Þorsteini Haukssyni fyrir að ráðast af alefli gegn Skógarkerfilsbrúskum, sem voru búnir að koma sér fyrir meðfram vegum í sveitarfélaginu okkar. Sigprúður veitti þeim ráðgjöf í þessu átaki og veitti ekki af.

Það er ekkert grín að komast fyrir svona ófögnuð, því okkur er illa við eiturnotkun og við erum þess vegna mjög þakklát þessum hressu krökkum að þora að takast á við þetta erfiða verk og ekki síst Þorsteini að fá krakkana til samstarfs. Á næsta ári þurfum við að halda vöku okkar og fylgjast með þessum stöðum sem við vitum að kerfill var kominn af stað á og byrja fyrr að rífa hann upp, þá verður verkið heldur léttara. Síðan hvetjum við alla til að hafa augun opin og reyna að stöðva kerfillinn ef hann er kominn. Margir hafa séð hvernig Esjuhlíðar eru orðnar, risabreiður af Skógarkerfli þekja stór svæði og þegar svo er komið er engin leið að fara um svæðin og allur annar gróður (nema hár trjágróður) hverfur í beðjurnar. Einnig fylgir þessu aukin hætta ef eldur verður laus í sinu. Meira að segja lúpína lætur undan ásókn kerfilsins. Við í Skeiða-og Gnúpverjahreppi eigum sem betur fer góð berjalönd og fjölbreytt gróðurfar, og við viljum halda því þannig. Hér fylgja með tenglar inná greinar um Skógarkerfil og myndir til glöggvunar:

<http://www.ni.is/grodur/rannsoknir/agengartegundir/skogarkerfill>

<https://is.wikipedia.org/wiki/Sk%C3%B3garkerfill>

Kær kveðja. F.h. Umhverfisnefndar. Anna M. Flygenring.



HRUNAPRESTAKALL
Hestamannamessa, síðsumarmessa
og uppskerumessa framundan!



Sunnudagur 16. ágúst:

Hestamannamessa í Stóra-Núpskirkju kl. 14.

Fólk er hvatt til að koma ríðandi til messu. Hópreið leggur af stað úr Hrunamannahreppi frá Hruna kl. 11. Allir velkomnir!

Sunnudagur 23. ágúst:

Síðsumarmessa í Tungufellskirkju kl. 14.

Forsöngvari leiðir almennan safnaðarsöng. Allir velkomnir!

Laugardagur 5. september:

Uppskerumessa kl. 11 í Hrunakirkju.

Félagar úr kirkjukór leiða sönginn. Samvera fyrir alla fjölskylduna. Reiptog, pokahlaup og fleiri leikir eftir messu. Grillaðar pylsur og molasopi. Allir velkomnir!

Ég vænti góðrar þátttöku sóknarbarna sem og annarra í þessum messum nú í lok sumars. Um miðjan september verður síðan messudagskrá haust-misseris og fram til áramóta dreift inn á öll heimili í prestakallinu.

Þá minni ég á heimasíðu Hrunaprestakalls, **hruni.is**, þar sem finna má allar upplýsingar um kirkjustarfið. Sími sóknarprests er 8561572 og netfangið er oskar@hruni.is.

Sjáumst í kirkjunni!

Óskar Hafsteinn Óskarsson

Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.

Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.



Skólasetning Flúðaskóla



verður föstudaginn 21. ágúst frá klukkan 9:00 - 11:00 Skólabílar sækja og keyra heim.
Skólastjóri.

Skógrækt ríkisins í Þjórsárdal vantar starfsmann.

Um er að ræða fjölbreytt starf í viðhaldi og umhirðu skóga og öðrum tengdum verkefnum.

Æskilegt er að viðkomandi hafi vinnu-
vélaréttindi og geti unnið sjálfstætt.

Góð vinnu og starfsmanna aðstaða
er á staðnum.

Frekari upplýsingar veita:

Hreinn 8991971 hreinn@skogur.is

Jóhannes 8938889 johannes@skogur.is



SKÓGRÆKT RÍKISINS

Vetraropnunin tekur gildi 24. ágúst 2015



11. júní - 23. ágúst 2015 - Opið daglega frá kl.10:00 - 23:00

24. ágúst 2015 vetraropnun - Opið daglega frá kl. 11:00 - 21:00

Krafturinn úr náttúrunni hjálpar Þér að ná jafnvægi!

<http://www.fontana.is>



Sárabót –fyrir alla– í nýjum umbúðum!

Nú er sárabót komin í nýjar umbúðir. Ný lína fyrir menn og önnur fyrir skepnur. Einnig komin á markað leðurfeiti úr minkafitu, góð fyrir hnakka og skó. Höfum þessa góðu vöru til sölu.
Katrín og Stefán, Ásaskóla. S: 4866047- 8986047-8658776.



SKINN OG SKART.

Í ágúst að áliðnum slætti eru
armbönd og vasapelar áriðandi.

Ýmsar gjafir fyrir öll tækifæri.



Hafið samband í
síma 4866047
eða 8986047
Katrín,
Ásaskóla.



Auglýst er eftir umsjónarmanni Skólasels Flúðaskóla

Vinnutími er eftir að skóla lýkur til kl 16:15
frá mánudegi til fimmtudags.

Viðkomandi þarf að:

Vera jákvæður

vera sjálfstæður í vinnubrögðum

hafa gaman af því að starfa með börnum.

Starfshlutfall 30 – 60 % eftir samkomulagi. Íslensku-
kunnátta áskilin.

Laun samkvæmt kjarasamningi

Launanefndar sveitarfélaga og Foss.

Upplýsingar gefur Guðrún Pétursdóttir, skólastjóri í síma
480 6610 eða í tölvupósti gudrunp@fludaskoli.is.

Umsóknarfrestur er til
18. ágúst 2015.



Afhending umhverfisverðlauna í Skeiða-og Gnúpverjahreppi 20. júní 2015.

Hér er birt ávarp er Anna María Flygenring formaður Umhverfisnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps flutti á Landnámshelgi er umhverfisverðlaun sveitarfélagsins 2015 voru afhent.

Ágætu sveitungar.

Eitt af því sem okkur í umhverfisnefnd sveitarfélagsins er falið að gera er að veita umhverfisverðlaun. Það hefur verið gert annað hvert ár hingað til með einni undantekningu en nú er okkur falið að gera þetta að árlegum viðburði. Er með því vonast til að fólk verði vakandi á verðinum, veiti því athygli að við erum að reyna á þolmörk jarðar með umgengni okkar og ofnýtingu á auðlindum hennar. En einnig er þessum verðlaunum ætlað að hrósa þeim sem vel gera og sinna vel því sem næst þeim er. Er þá horft til snyrtimennsku og viðhalds, hvort notuð séu eiturefni, hvort umhverfisvæn efni séu notuð til þvotta. Einnig er lítið til trjáræktar, garðræktar, matjurtaræktunar og landnýtingar. Að auki koma nokkur menningartengd atriði inn í myndina, þannig að nefndinni var all mikill vandi á höndum að velja verðugan verðlaunaþega. Að þessu sinni ákváðum við að fara þá leið að auglýsa eftir tilnefningum og bárust nokkrar, okkar von var að visu að þær yrðu fleiri, því það hefði sýnt meiri áhuga á að taka þátt í valinu.

Eftir skoðun á þeim stöðum sem voru tilnefndir var nefndin á einu máli um niðurstöðuna.

Grænuhlíð á Skeiðum lætur lítið yfir sér. Við ökum þarna framhjá og veitum kannski athygli nokkrum öspum og runnum. En þegar inn fyrir hlið er komið opnast ævintýraveröld og er ljóst að íbúar hafa lagt á sig mikla vinnu við að gera umhverfi sitt notalegt, fallegt og ekki sist gagnlegt án þess að ganga á náttúruna á staðnum. Matjurtaræktun er allmikil fyrir heimilið, hænur vappa um og hjálpa til við illgresiseyðingu, því engin eiturefni eru notuð og úrgangur þeirra nýtist sem áburður. Tvö gróðurhús eru til staðar og þar vaxa hindber, vínber, avokado og er of langt mál að telja upp allar tegundir. Úti eru ræktaðar gulrætur, kartöflur, kál ýmis konar, jarðarber og jafnvel baunir. Fiskatjörn er á staðnum með líflegum skrautfiskum og umhverfis hana eru fjölmargar litlar og stórar stytur, sumar heimagerðar. Íbúar leggja kapp á að nota hreinsi- og þvottavörur með Svansmerkinu og fylgjast vel með orkunotkun. Þau endurnýta heita vatnið sem er frá hitaveitu frá Blesastöðum á þann hátt að affallsvatn fer í gegnum gróðurhúsin og fiskatjörnina ef þess þarf í kulda.

Í kring eru þau svo að koma upp rífsberjarunnum og sólberjarunnum auk margs konar trjáplantna og skrautmuna. Okkur var vandi á höndum að velja verðlaunahafa en þegar við vorum upplýst um að íbúar legðu áherslu á að endurnýta það sem aðrir hafa fleygt frá sér, fannst okkur ekki leika vafi á hverjir væru verðugir viðtakendur þessar verðlauna. Grænuhlíð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hlýtur umhverfisverðlaunin árið 2015.

Til hamingju!

Kæru sveitungar.

Fyrir rúmu ári síðan var yngri dóttir okkar, Sandra Dögg í blóma lífsins, framtíðin björt og nokkuð örugg.

Þá skall á henni dómur sem við óskum engum að fá. Hún greindist með illkynja krabbamein í hægra viðbeini. Dómurinn hljóðaði svo að ef ekki yrði farið strax af stað í harða meðferð yrðu fullorðinsár hennar mjög fá. Allt fór á fullt og stóð stúlkan sig með eindæmum frábærlega í öllu sem lagt var fyrir hana, sem var ekkert smáræði.

Í aðstæðum sem þessum er ómetanlegt að hafa góðan stuðning. Útilokað var fyrir Söndru að afla sér tekna og er hún bara rétt að byrja núna að geta unnið aðeins. Viljum við því færa sérstakar þakkir þeim sem styrktu hana fjárhagslega; Lionsklúbburinn Dynkur, félagar okkar í Björgunarsveitinni Sigurgeir og starfsmannafélag Brunavarna Árnessýslu.

Andlegur styrkur er ekki síður mikilvægur, líka fyrir okkur foreldrana og stóru systur sem þurfti að miklu leyti að taka þátt erlendis frá. Forsendur fyrir því að við gætum staðið sem klettur henni við hlið í þessu öllu, eru að hafa sjálf gott bakland.

Allar kveðjur sem við fengum frá vinum og kunningjum gerðu mikið í að halda okkur standandi og viljum við þakka sérstaklega fyrir þær.

Baráttunni við krabbann lauk sem betur fer með okkar sigri og litlar sem engar líkur á að hann komi aftur.

Sandra Dögg á aftur fyrir sér bjarta framtíð, bara með öðrum formerkjum.

Vinna þarf á afleiðingum meðferðar, en það verður lítið mál eftir allt hitt.

Við lærðum að þakka fyrir hvern dag og að ekkert er sjálfgefið í þessu lífi.

Nýta skal þau tækifæri sem bjóðast og lifa lífinu lifandi.

Takk fyrir okkur Sigrún og Eggert, Kálfhóli 1



Þjónusta vegna ljósleiðarans!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingum og línubókhalda Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans.

Hafið samband við þá. skj@internet.is - Sigvaldi og nonniasum@gmail.com - Jón

17. fundur í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnesi miðvikudaginn 05. ágúst 2015 kl. 14:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Gunnar Örn Marteinnsson, Meike Witt og Kristjana Heyden Gestsdóttir er mætti í forföllum Höllu Sigríðar Bjarnadóttur. Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Svo reyndist ekki vera. Oddviti óskaði eftir að bætt yrði einu máli á dagskrá. Varðar staðfestingu samnings um refaveiðar. Var það samþykkt.

Dagskrá:

1. Hvammsvirkjun. Umhverfismat-framkvæmdaleyfi. Hvammsvirkjun hefur verið sett í nýtingarflokk. Oddviti og sveitarstjóri voru boðaðir á fund Landsvirkjunar ásamt fulltrúum Rangárþings ytra 8. júlí síðastliðinn. Í framhaldi af þeim fundi var ákveðið að senda erindi til Skipulagsstofnunar þar sem þess er farið á leit við stofnunina að hún meti hvort endurskoða skuli umhverfismat um áður nefnda virkjun sem framkvæmt var árið 2003. Var slíkt erindi sent til stofnunarinnar í júlímánuði sl. undirritað af sveitarstjórum Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra. Fyrir fundinum lá ný rýniskýrsla um umhverfismat vegna Hvammsvirkjunar sem unnið var árið 2003. Rýniskýrslan var unnin af Verkfræðistofunni Eflu.
2. Fasteignamat á vindmyllum. Lagður var fram rökstuðningur frá Þjóðskrá við fasteignamati á vindmyllum dagsett 13. júlí 2015. Rökstuðningur kveður á um að fasteignamat sérhæfðra eigna sé fundið með markaðsleiðréttu kostnaðarmati. Samþykkt samhljóða að kæra umrætt fasteignamat á vindmyllum. Sveitarstjóra falið að undirbúa kæru vegna málsins.
3. Fjárhagsmál. Sveitarstjóri lagði fram bráðbirgðarekstarniðurstöður fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2015. Lagt fram og kynnt. Sveitarstjóri lagði einnig fram beiðni um samþykkt fyrir 15 mkr yfirdráttarláni á veltureikningi sveitarfélagsins til 02.09.2015.
4. Starfsmannamál. Sveitarstjóri lagði fram minnisblað er varðar skipun nokkurra verkþátta og starfa hjá sveitarfélaginu. Lagt fram og kynnt.
5. Framkvæmdir við Bugðugerði / Hamragerði. Eigendur Hamragerðis 7 og Hamragerðis 8 óska samþykkis sveitarstjórnar fyrir þúttvelli á landi hreppsins á auðu svæði vestan Hamragerðis. Oddviti lagði fram svohljóðandi tillögu. Sveitarstjórn samþykkir að veita leyfi fyrir framkvæmdinni með eftirgreindum skilyrðum. Völlurinn verði öllum opin og víki bótalaust verði landið skipulagt til annarra nota. Engin varanleg mannvirki verði á svæðinu. Samþykkt samhljóða.
6. Ferli við kosningu um nafn sveitarfélagsins. Sveitarstjóri leggur til eftirgreint ferli.
 1. Í fréttabréfi Sveitarfélagsins í ágústmánuði 2015 verður fyrirhugað kosningaferli kynnt.
 2. Í fréttabréfi septembermánaðar eða með sérstöku dreifibréfi verði auglýst eftir til lögum um nafn á sveitarfélaginu. Dreift verði á öll heimili í sveitarfélaginu. Samhliða verði auglýst í héraðsblöðum eftir tillögum að nafni. Í auglýsingu komi

fram hvernig nöfnin sem kjósa á um verða valin. Frestur til að skila inn tillögum að nafni verði til 20. október.

3. Ekki verður tekið við fleiri en einni tillögu frá hverjum einstaklingi.

4. Á nóvemberfundi sveitarstjórnar fari sveitarstjórn yfir framkomnar tillögur að nöfnum. Þau sex nöfn sem flestar tillögur hljóta skal verða kosið um í fyrri umferð kosninganna að fengnu samþykki Örnefnanefndar. Komi færri tillögur en tíu skal kjósa um þau öll.

Kjörstjórn sveitarfélagsins tekur við lista yfir þau nöfn sem kjósa skal um. Ef það nafn sem flest atkvæði hlýtur, fær innan við 50 % atkvæða skal kjósa aftur um þau tvö nöfn sem flest atkvæði hljóta. Miða skal við að fyrri kosning fari fram eigi síðar en 1. desember. Ef kjósa skal tvisvar skal miða við að seinni kosningin fari fram eigi síðar en 15. desember 2015. Ofangreint ferli samþykkt með fjórum atkvæðum.

Gunnar Örn Marteinsson sat hjá.

7. Framtíð Reykholtslaugar í Þjórsárdal. Núverandi samningur við Þjórsárdalslaug ehf. Skipulagsmál. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita forsvarsaðilum Þjórsárdalslaugar ehf. 30 daga frest til úrbóta samkvæmt 11. Grein gildandi samnings. Sveitarstjóra falið að skrifa bréf til aðila Þjórsárdalslaugar ehf.

Fundargerðir:

8. Fundargerð 93. Fundar Skipulagsnefndar. Mál.16 og 17 til umfjöllunar.

Mál 16. Aðkoma inn í Árnes og tjaldsvæði Deiliskipulagsbreyting. Lagðar fram til kynningar tvær tillögur að breytingu aðkomunnar. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti tillögurnar. Mál 17. Iðnaðarsvæði við Árnes- 1507013. Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi svæðis sunnan við Árnes. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða fyrir sitt leyti.

9. Fundargerð 13. Fundar stjórnar málefna fatlaðra. Fundargerð lögð fram og kynnt.

Styrkbeiðni:

10. Námsfenisbankinn. Styrkbeiðni. Lögð var fram beiðni styrk vegna Námsfenisbankans undirrituð af Leifi Viðarssyni og Má I Mássyni. Beiðni hafnað.

Til umsagnar:

11. Umhverfissráðuneyti – Mannvirkjastofnun. Beiðni um umsögn. Sveitarstjórn samþykkir að fela Byggingafulltrúa Uppsveita að veita umsögn vegna málsins fyrir hönd sveitarfélagsins.

12. Umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um lágmarksfjölda íbúa á þjónustu svæðum fatlaðra. Umsögn undirrituð af Karl Björnssyni. Sveitarstjórn sér ekki á stæðu til að gera athugasemd við umsögn Sambandsins.

13. Frumvarp til laga um húsnæðisbætur. Beiðni um umsögn. Frumvarp lagt fram og kynnt.

14. Tjöld utan tjaldsvæða og tilheyrandi vandamál. Meike Witt vakti athygli á að algengt sé að ferðamenn tjaldi utan hefðbundinna tjaldsvæða og deildi sveitarstjórn áhyggjum sínum af því. Sveitarstjórn samþykkir að fela oddvita að taka umrætt mál til umræðu á næsta sameiginlega fundi nefndar oddvita og sveitarstjóra.

Sveitarstjórn skorar jafnframt á ferðamálaráðherra að vinna að setningu reglugerðar í þessum efnum.

15. Samningur um refaveiðar. Lagður fram undirritaður samstarfssamningur um refaveiðar milli Umhverfisstofnunar annars vegar og Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Flóahrepps hins vegar. Samningur staðfestur.
16. Önnur mál. Framkvæmdir við byggingu nýs gámasvæðis við Árneshverfi. Þar sem framkvæmdir við byggingu gámasvæðis hafa dregist úr hófi fram að mati sveitarstjórnar samþykkir sveitarstjórn samhljóða að fela sveitarstjóra að virkja ákvæði verk samnings við verktaka um tafabætur.

Mál til kynningar:

- A. Fundargerð 165 fundar HES
- B. Fundargerð 829 fundar SÍS
- C. Álagningarskrá einstaklinga 2015.
- D. Fasteignamat 2016.
- E. Hreyfivika UMFÍ- kynning.
- F. Innleiðing nýrrar aðalnámskrár.
- G. Jöfnunarsjóður. Áætlað framlag.
- H. Kynnisferð til Skotlands um vindmyllur.
- I. Talnarýnir Suðurland og sjáverútvegur.
- J. Öryrkjabandalag Íslands. Aðgengileg ferðasalerni.
- K. Fundur oddvita og sveitarstjóra í „Þjórsársveitum“
- L. Talnarýnir sumarhús á Suðurlandi.
- M. Starfamat. Ný útgáfa.
- N. Viðmiðunarreglur Kirkjugarðaráðs og Sambands.

Fundi slitið kl 16:40

Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 2. september næstkomandi kl 14:00.

Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181
www.arnesthing.is

Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings er María Kristjánsdóttir
maria@hveragerdi.is

Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:

Sigurjón Árnason, félagsráðgjafi, sigurjon@laugaras.is sími 480-1180

Sigrún Símonardóttir, forstöðumaður heimaþjónustu sigrun@laugaras.is

Fróðleiksmolinn

Fróðleiksmolann á góður vinur, Ingi Heiðmar Jónsson söngstjóri og sagnfræðingur. Hann sendi mér þennan skemmtilega fróðleik til upprifjunar 😊

Tímatal og eyktir

Öld er 100 ár. Ár er 365 dagar, en hlaupár 366. Árið er 13 tungl-mánuðir og 4 vikur eða 52 vikur. (Hlaupár er þegar 4 ganga upp í ártalinu nema aldamótaárin þegar 400 ganga upp.) Við rentureikning er árið oft reiknað 12 mánuðir á 30 daga = 360 daga.


1 vika er 7 dagar (sólarhringar) á 24 stundir á 60 mínútur (') á 60 sekúndur (").

Einnig er sólarhring, eða degi og nóttu saman, skipt í 8 eyktir eða dagsmörk á 3 stundir. Eyktirnar heita: **Ótta** (fyrir talið frá kl. 1 1/2 —

4 1/2 nú 3—6 árd.), **miður morgun** (fyrir kl. 4 1/2 — 7 1/2 nú 6 — 9 árd.), **dagmál** (fyrir kl. 7 1/2—10 1/2 árd. nú 9—12 á hád.), **hádeg** (fyrir kl. 10 1/2 árd.— 1 1/2 s.d. nú 12 á hádegi — 3 síðd.), **nón** (fyrir kl. 1 1/2—4 1/2 nú 3 — 6 s. d.) **miðaftan** (fyrir kl. 4 1/2—7 1/2 nú 6 - 9 s. d.), **náttmál** (fyrir kl. 7 1/2—10 1/2 s. d. nú 9—12 á miðn.) og **miðnætti** (fyrir 10 1/2 s. d. — 1 1/2 árd. nú 12 á miðn. — 3 árd.)." Heimild:

-Handbók fyrir hvern mann, 2. árg. 1904, bls. 21-22

-mynd: Lesbók Morgunblaðsins í maí árið 2000.



Ritstj.

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM
Smiðjustíg 6a, Sími: 486-1866
OPNUNARTÍMI

OPIÐ 10 -17 virka daga 🍷 11- 13 laugardaga.



**Uppsveitahringurinn verður haldinn í Reykholti laugardaginn 15. ágúst.
Þátttakendur verða ræstir sem hér segir:**

Kl. 10.00 - 46 km keppnishjólreiðahópur leggur af stað og endar í Reykholti

Kl. 10:30 - 10 km keppnishlauparar leggja af stað frá Flúðum og endar í Reykholti

Kl. 10:30 - 10 km hjólreiðahópur leggur af stað frá Flúðum og endar í Reykholti

Kl. 13:00 - Krakkahlaup á íþróttavellinum 400 metrar

Kl. 13:30—Verðlaunaafhending og frábær skemmtidagskrá—Tvær úr Tungunum



Skráning er á www.hlaup.is, skráningarfrestur er til kl. 23:00 fimmtudaginn 13. ágúst. Þátttökugjald er 2.000 kr., nema í 10 km hjólreiðunum þar sem gjaldið er 1.000 kr. Frítt í krakkahlaup

Keppendur geta nálgast keppnisnúmer og keppnisgögn milli kl. 16:00-18:00, föstudaginn 14. ágúst í íþróttamiðstöðinni í Reykholti. Þá er einnig hægt að nálgast keppnisgögnin milli kl. 8:00 - 9:00 að morgni keppnisdags í íþróttamiðstöðinni. Hægt er að skrá sig í keppnina á þessum tíma en þá bætast 1.000 kr. við þátttökugjaldið.



FRIDHEIMAR



GEYSIR



Verktaki fyrir Eimskip og Samskip**Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00****Brottför frá Reykjavík alla virka daga:**kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda**Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00**

Vörufgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is**Símar hjá bílstjórum: 892-2370 - Pálmar****892-2371** -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.**892-2372** - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur*Með kveðju.**Starfsfólk Flúðaleiðar***Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási S. 480-1180 Fax: 480-1181****www.laugaras.is Félagsmálastjóri: [María Kristjánsdóttir](#).****Félagsráðgjafi með aðsetur í Laugarási [Sigurjón Árnason](#). 884-1180**

Hann sinnir félagslegri ráðgjöf, fjárhagsaðstoð og barnavernd.

VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum**GUINOT** húðvörur fyrir dömur og herra**ALESSANDRO** naglalökk og gloss**Meðferðir:** Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting –

Vaxmeðferðir - Litun og pökkun.

**Tímamantanir í
síma: 856-1599****Fylgist með á****www.upplit.is**

Tónleikar í Sólheimakirkju!

Laugardaginn 15. ágúst verða tónleikar í **Sólheimakirkju kl. 14:00.** Magnea Tómasdóttir og Ingvabjörk Ingadóttir syngja og leika á lýru.



Laugardaginn 22. ágúst eru lokatónleikar Menningarveislu Sólheima í **Sólheimakirkju kl. 14:00**
Raggi Bjarna & Þorgeir Ásvaldsson



Norska Tøltrider eru gæðareidtygi á toppverði sem við höfum bæði notað sjálf og verið mjög vel tekið í buðinni hjá okkur í Svipjóð. Mest seldu hnakkarnir frá Tøltrider, Bikar, Glampi og virkislausu eru allir hjá okkur á Íslandi á góðu verði.



Meiri upplýsingar á www.tolt.nu/island
eða sími 892 8452 Sigfús

*Sigfus & Josefine
Vestra-Geldingaholt*



Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja er



Munum eftir því ☺

802



Menn og Málefni!



Bjarni Már Ólafsson, Reykjum útskrifaðist sem sjúkra-
þjálfari frá Háskóla Íslands 13. júní 2015.

Eiríkur Arnarsson frá Gunnbjarnarholti lauk í vor sveinsprófi í
húsasmíði frá Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Guðmundur Stefánsson Ásaskóla lauk BSc gráðu tölvunarfræðum frá
Háskólanum í Reykjavík í júní s.l.

Héðinn Hauksson, Stóru-Mástungu 1, lauk BSc. gráðu í vélaverkfræði
frá Háskólanum í Reykjavík 20. júní s.l. Næsta haust er svo förinni
heitið til Stokkhólms í nám í farartækjaverkfræði (Vehicle engineering)
við KTH.

Jóhann Knútur Karlsson, Stóra-Núpi lauk BSc gráðu í tölvunarfræðum
frá Háskóla Íslands 20. júní s.l.

Dóra Björk Þrándardóttir, Þrándarholti útskrifaðist s.l. vor með MSc
gráðu í framleiðsluverkfræði og stjórnun frá Konunglega tæknihá-
skólanum (KTH) í Svíþjóð.

Þá útskrifuðust þau feðgin Eggert Jóhannesson Kálfhóli 1 s.l. vor með
diplóma í kerfisfræði frá HR, og fékk hann viðurkenningu fyrir afburða-
árangur. Dóttir hans Sandra Dögg Eggertsdóttir útskrifaðist sem stúdent
af náttúrufræðideild frá Kvennaskólanum, fékk hún viðurkenningu fyrir
framúrskarandi árangur og varð einnig semidúx skólans.

Við óskum öllu þessu harðduglega fólki hjartanlega til hamingju með
áfanga sína og árangur.

Þá eru það brúðhjónin þau Magnea Gunnarsdóttir frá Selfossi og
Ingvar Þrándarson, Þrándarholti sem gengu í hjónaband í Skáholtskirkju
þann 11. júlí s.l. Brúðhjónin búa í Þrándarholti með börnunum sínum
þremur, þeim Þrándi, Eyrúnu Huld og Snorra og hafa gert um nokkurt
árábil. Við óskum brúðhjónunum innilega til


hamingju með hvort annað og fjölskyldunni
allri með nýgiftu hjónin og framtíð þeirra.



Á bak við eldavélina

Það er hún Sigurlaug Ósk Reimarsdóttir í Hraunhólum sem deilir með okkur flottum sumarréttum.

Ég ætla að gefa ykkur uppskrift sem ég setti saman í vinnunni um daginn af grænmetisböku sem er nú alveg tilvalið þar sem búðirnar eru að fyllast af nýju íslensku grænmeti.



Smjördeigsbotn

100 gr mjúkt smjör

200 gr mjöl (ég notaði dass af heilhveiti og aðeins minna af möndlumjöli)

Smá heitt vatn. Þessu er blandað þannig saman að það verði svona vel blautt og þrýst í eldfast mót og upp með hliðunum, á að vera þunnt.

Þetta bakaði ég svo í ofninum í smá stund ca 15-20 mín. svo þunnt lag af tómatsósu.

Grænmetisblanda

Það er algjört smekksatriði hvað kemur hér og hér er líka fínt að nota afganga.

ég skar þetta allt frekar smátt.

Gulrófa, gulrætur, sellerírót, grænkál, brokkoli, laukur, hvítlaukur (pressaður)

Lét laukana, grænkál og sellerírot malla saman á lágum hita. Setti hitt svo saman á pönnu og lét verða mjúkt.

Gerði þennan rétt svo heima með:

Sæt kartafla og paprika Steikt upp úr smjöri, salt og pipar

(átti afgang frá deginum áður)

Laukur, hvítlaukur og blaðlaukur. Látið malla á pönnu á lágum hita

Rófa og hnúðkál látið malla í smá olíu og vatni þangað til verður mjúkt

Þessu blandaði ég svo saman með gulum baunum. (Þannig að þetta er bara eftir smekk)

Svo til að toppa þetta kemur eggjablandan. Myndi segja alveg 5-6 egg jafnvel 7 fer alveg eftir stærð eggja og mótsins.

Rjómasletta, 3-4 tsk gróft sinnep (frá Sollu auðvitað)

3-4msk kotasæla

Rifinn ostur

Smátt skorin steinselja, kryddsalt eftir smekk.

Allt hrært saman og helt yfir og inn í ofn í 35-40 mín á 180.

Ég er mikið fyrir eftirrætti og þeir þurfa ekkert að vera flóknir. ☺ Hálfur ferskur ananas skorinn í ca 1 cm sneiðar. Strá hrásykri yfir, því meira, því betra og því minna, því "hollara" og líka allt í lagi að sleppa honum. Svo er ananasinn settur á grillbakka og grillaður eða bara á grindina í ofnum og stilla á grill. Borið fram með ís og ferskum jarðaberjum og ekki er verra að hafa rjómaslettu með.

Ætla að skora á Kirsten í Haga að koma með einhvern spennandi rétt frá þýskalandi næst. :) Verði ykkur að góðu. Sigurlaug Ósk í Hraunhólum.



Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík

Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is

Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Afréttakortið, af afréttum Gnúpverja, Flóa, Skeiða og
Hrunamanna. Eykur öryggi og er ódýrt, aðeins **kr 500,-**
Gott með í fjallferðina! ☺

Opnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi

Neslaug S: 486-6117 Skeiðalaug S: 486 5500



Neslaug til 23. ágúst n.k.

Mánudaga: 14 — 21
Þriðjudaga: Lokað
Miðvikudaga: 14 — 21
Fimmtudaga: 14 — 21
Föstudaga: 14 — 18
Laugardaga: 10 — 18
Sunnudaga: 10 — 18

Neslaug

Vetraropnun frá 1. september

Miðvikudaga: 18 — 22

Laugardaga: 13 — 18

Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

Skeiðalaug til 23. ágúst n.k.

Mánudaga: Lokað
Þriðjudaga: 14 — 21
Miðvikudaga: 14 — 21
Fimmtudaga: 14 — 21
Föstudaga: 14 — 18
Laugardaga: 10 — 18
Sunnudaga: 10 — 18

Skeiðalaug

Vetraropnun frá 1. september

Mánudaga: 18 — 22

Fimmtudaga: 18 — 22

Neslaug og Skeiðalaug eru á

facebook

Fylgist með þar ☺

Neslaug opnun

24. ágúst –31. ágúst

Mánudaga: 17 — 22
Þriðjudaga: 17 — 22
Miðvikudaga: 17 — 22
Fimmtudaga: 17 — 22
Föstudaga: 14 — 18
Laugardaga: 10 — 18
Sunnudaga: 10 — 18

Vörur tengdar sundi seldar í afgreiðslum lauganna.
Drykkjarsjálfsali í Skeiðalaug.

Hætt er að selja ofan í hálf tíma fyrir lokun.

Það er aðeins 10 mínútna akstur á milli lauganna.

Skeiðalaug opnun

24. ágúst –31. ágúst

Mánudaga: 17 — 22
Þriðjudaga: 17 — 22
Miðvikudaga: 17 — 22
Fimmtudaga: 17 — 22
Föstudaga: 14 — 18
Laugardaga: 10 — 18
Sunnudaga: 10 — 18

Frítt fyrir 70 ára og eldri.
Frítt fyrir öryrkja gegn framvísun skírteinis.

Umsjónarmaður.
Eypór Brynjólfsson